

Fimmtugasti og annar fundur stjórnar Fræðslusjóðs
12. apríl 2016 kl. 9.30-11.00
í Skipholti 50 b, III. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir formaður, Halldór Grönvold, Fjóla Jónsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Jón Fannar Kolbeinsson, Garðar Hilmarrsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir í fjarveru Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Sólveig B. Gunnarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt
2. Uppgjör ársins 2015 - álitamál

- a. Náms- og starfsráðgjöf

Formaður greindi frá fundi sínum og framkvæmdastjóra með þremur fulltrúum fræðsluaðila vegna uppgjors á náms- og starfsráðgjöf, sbr. niðurstöðu síðasta stjórnarfundar. Á fundinn mættu Hildur Elín Vignir frá IÐUNNI, Guðjónína Sæmundsdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Erla Björg Guðmundsdóttir frá SÍMEY. – Minnispunktar frá fundinum eru í fundargögnum, en fulltrúar fræðsluaðila hafa ekki enn fengið tækifæri til að gera athugasemdir.

Framkvæmdastjóri FA fór yfir forsögu forsendna úthlutana, framkvæmd og uppgjör, en fram kom á fundinum að fræðsluaðilar telja sig hafa heimild til færa viðtöl öll í hæsta verðflokk, telji þeir að reksturinn þarfnist þess. Ekki er sátt um að þessi heimild sé til staðar, en fræðsluaðilar vísa til fundar sem þeir áttu með formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra árið 2013. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri hafa staðfest að þetta sé ekki þeirra skilningur.

Formaður sagði ekki ágreining um 80/20 regluna og því eðlilegt að hún standi. Skilgreining á umskólun er ekki skýr og eðlilegt að gera hana ekki að ásteytingarsteini. Hún sagði því að leysa þurfi mál sem varðar bókun á endurkomum. Hún lagði fram tvær tillögur að lausn. Annars vegar að ekki verði leyft að bóka endurkomur einstaklinga í hæsta verðflokk og því skuli krafa um endurgreiðslur standa. Hins vegar að láta uppgjórið standa án athugasemda af hálfu stjórnar sjóðsins, eins og það er í MySchool miðað við forsendur frá síðmenntunarmiðstöðvunum.

Lagði formaður ríka áherslu á að hver sem niðurstaðan yrði, kæmi ekki til greina af sinni hálfu að skráning og uppgjör verði óbreytt árið 2016.

Verði samþykkt að árið 2015 verði gert upp með sömu aðferð og undanfarin ár, þarf lagaheimild að liggja ljós fyrir.

Handwritten signatures in blue ink, including "HG" and "SOS".

Umræður urðu um þessar tillögur, en ekki einhugur hjá stjórnarmönnum. Formaður lagði til að leitað verði upplýsinga hjá MRN og ríkisendurskoðanda hvort heimilt sé að láta fræðsluaðila njóta vafans. En hún lagi áherslu á að leita verði leiða til að tryggja að uppgjör 2016, verði algjörlega byggt á fyrirliggjandi reglum. Það er enginn akkur í að skaða kerfið og rekstrargrunn fræðsluaðila og því spurning hvort hægt sé að finna leið í samstarfi við MRN og hugsanlega aðra aðila að lausn til frambúðar.

Fara þarf yfir allar forsendur og endurskoðun á rekstri ráðgjafarinnar og þá vinnu getur FS ekki farið í, heldur verður MRN að koma að þeirri vinnu. Inn í það kemur einnig umræða um fastaframlag ríkisins til fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna.

Fram kom að ársskýrslu og ársreikningi Fræðslusjóðs á að skila fyrir 20. apríl og MRN er ekki reiðubúið að bíða langt fram yfir þá dagsetningu eftir gögnunum.

Formaður leggur til að hún ásamt framkvæmdastjóra fari á fund með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en jafnframt hyggst hún ræða við ríkisendurskoðun, með það að markmiði að kanna hverjar heimildir sjóðsins séu til að gera upp náms- og starfsráðgjöfina í samræmi við uppgjör fræðsluaðila. Var það samþykkt. Að öðru leyti af afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Ársreikningur – frestað.
4. Ársskýrsla - frestað.
5. Næsti fundur tillaga 26. apríl. Samþykkt að boða fund 26. apríl kl. 10:30 – 12:00. Garðar tilkynnti forföll. Framkvæmdastjóri boðar varamann.
6. Önnur mál
 - a. Svar MRN um hælisleitendur
Sjá fundargögn. Miðað við núverandi forsendur er ekki hægt að líta á þennan hóp sem hluta markhóps Fræðslusjóðs.
 - b. Listi yfir viðurkennda fræðsluaðila
Sjá fundargögn. Lagt fram til upplýsingar.

Guðrun Sigurðs
Guðrun Þorjónsdóttir
Svanhildur K. Sveinólfur
Hanna Guð
Frída Jónsdóttir
Hallgrímur Guð